

Föstudaginn 23. apríl 1965.

Nr. 2/1965.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Starfsstúlkna-
félagsins Sóknar vegna Huldu Jóhannes-
dóttur**

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

**Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgar-
sjóðs.**

(Magnús Óskarsson hrl.).

**Dómarar: Hákon Guðmundsson,
Gunnl. E. Briem, Einar Arnalds,
Ragnar Ólafsson og Einar B. Guð-
mundsson.**

Kjarasamningur. Mál út af skyldu til að greiða vökuvinnu-
álag í sumarleyfum og veikindaförföllum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 4. febrúar þ. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Starfsstúlknafélagsins Sóknar vegna Huldu Jóhannesdóttur gegn Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmt að greiða Huldu Jóhannesdóttur umsamið vaktavinnuálag í orlofi og veikindaförföllum, þar á meðal vangoldið vaktavinnuálag ásamt orlofsfé fyrir árin 1962 til 1964, samtals að fjárhæð kr. 2.650.53 ásamt vöxtum frá gjalddaga til greiðsludags og hæfilegan málskostnað fyrir Félagsdómi eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að Hulda Jóhannesdóttir hafi verið vökukona í sjúkrahúsi Hvítbandsins í Reykjavík, sem stefndi rekur, árin 1962 til 1964. Hafi hún unnið þar vaktavinnu og öll vinna hennar verið leyst af hendi á tímabilinu frá kl. 21.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni. Nú sé svo kveðið á í 1. gr. kjara-

samnings aðilja frá 13. júlí 1961, að þegar „fastur vinnutími starfsstúlkna fellur að hluta eða öllu leyti á tímabilið frá kl. 21.00 að kvöldi til kl. 08.00 að morgni, skal greiða þá vinnu með 33% álagi á annars gildandi kaup-taxta.“ Tilsvarandi ákvæði sé í síðari samningum aðilja og beri að líta svo á nefnt álag, að það sé óaðskiljanlegur hluti þeirra starfslauna, sem greidd séu. Samkvæmt þessu telur stefnandi, að Hulda Jóhannesdóttir hafi, bæði í orlofi sínu og veikindum, átt að fá greidd laun, er við það væru miðuð. Stefndi hafi hins vegar aðeins greitt henni starfslaun án 33% álagsins, þegar hún var í orlofi eða fjarverandi vegna veikinda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína hins vegar á því, að sér sé aðeins skylt að greiða áðurnefnt 33% álag fyrir unnar vinnustundir á tímabilinu frá kl. 21.00 til 08.00. Heldur hann því fram, að álagið sé ekki óaðskiljanlegur hluti starfslaunanna. Sé sér því hvorki skylt að greiða það, þegar starfsmaður er í orlofi eða fjarverandi vegna veikinda heldur beri starfsmanni þá aðeins réttur til starfslaunanna einna eins og þau séu ákveðin í kjarasamningi aðilja.

Ágreiningslaust er í máli þessu, að allur starfstími Huldu Jóhannesdóttur, sá er hér kemur til álitu, hafi fallið á tímabilið frá kl. 21.00 til 08.00 sólarhring hvern, og að hún hafi fyrirfram verið ráðin til vinnu á þeim tíma eingöngu. Þar sem svo stóð á verður að telja, að föst starfslaun hennar hafi verið umsamin laun samkvæmt kjarasamningnum að viðbættu 33% vökuálaginu. Átti hún því meðan vinnutíma hennar var svo háttáð rétt til fullra starfslauna sinna í orlofi og veikindaforföllum. Stefndi hefur ekki véfengt kröfu stefnanda tölulega. Ber því samkvæmt framansögðu, sbr. og 3. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938, að taka fjárkröfu stefnanda til greina með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 4. febrúar þ. á. til greiðsludags, en stefndi hefur mótmælt vaxtakröfu stefnanda frá fyrri tíma.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgar-

sjóðs, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Starfsstúlknafélagsins Sóknar vegna Huldu Jóhannesdóttur, kr. 2650.53 með 6% ársvöxtum frá 4. febrúar 1965 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 15. júní 1965.

Nr. 4/1965. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f. h. Lögreglufélags Suðurnesja**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar: Hákon Guðmundsson,
Ragnar Jónsson, Bjarni K.
Bjarnason, Theódór B. Línadal og
Jón Sigurðsson.

Ríkissjóði ekki talið skylt að greiða lögreglumönnum áhættuþóknun samkvæmt ákvæðum dóms Kjaradóms.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962 af Bandalagi starfsmanna ríkis- og bæja f. h. Lögreglufélags Suðurnesja gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, dags. 11. marz þ. á.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að 6% áhættuþóknun til ríkislögreglumanna í Lögreglufélagi Suðurnesja sé ekki innifalin